

Íslensk mót

1. Mót innan vébanda BFSÍ skulu fara fram samkvæmt reglum BFSÍ og World Archery (WA).

2. Mót BFSÍ

2.1. Íslandsmót BFSÍ

2.1.1. Utandyra (70/50m round)

2.1.1.1. Íslandsmeistaramót utanhúss skulu almennt haldin í júní eða júlí mánuði ár hvert. Á því móti er aðeins keppt í opnum flokki.

2.1.1.2. Íslandsmót ungmenna utanhúss skulu almennt haldin í júní eða júlí mánuði ár hvert. Á því móti er keppt í yngri aldursflokkum (U flokkum).

2.1.1.3. Íslandsmót öldunga utanhúss skulu almennt haldin í júní eða júlí mánuði ár hvert. Á því móti er keppt í eldri aldursflokkum (+ flokkum)

2.1.2. Innandyra (18m round)

2.1.2.1. Íslandsmeistaramót innanhúss skulu almennt haldin í febrúar eða mars á hverju ári. Á því móti er aðeins keppt í opnum flokki.

2.1.2.2. Íslandsmót ungmenna innanhúss skulu almennt haldin um mánuði á undan Íslandsmóti innanhúss ár hvert. Á því móti er keppt í yngri aldursflokkum (U flokkum).

2.1.2.3. Íslandsmót öldunga innanhúss skulu almennt haldin í nóvember ár hvert. Á því móti er keppt í eldri aldursflokkum (+ flokkum)

2.1.3. Víðavangsbogfimi (Field)

2.1.3.1. Íslandsmeistaramót á víðavangi skal halda árlega. Á því móti er aðeins keppt í opnum flokki.

2.1.4. Taka þarf tillit til móta dagskrár WA, WAE og WAN þegar dagsetningar eru valdar fyrir Íslandsmót BFSÍ Svo að þær dagsetningar stangist sem minnst á við mikilvæg erlend mót og möguleika Íslands að ná árangri á erlendum vettvangi.

2.2. Bikarmótaraðir BFSÍ

2.2.1. Bikarmótaröð BFSÍ Innandyra

2.2.1.1. Skal samanstanda af að minnsta kosti þremur Bikarmótum á tímabilinu.

2.2.1.2. Bikarmót BFSÍ innandyra skulu haldin á tímabilinu 1.október til 1.febrúar.

2.2.1.3. Bikarmeistari BFSÍ innandyra skal titlaður hvert ár byggt á samanlögðu skori úr þremur hæstu niðurstöðum keppanda í undankeppni Bikarmóta BFSÍ á tímabilinu.

2.2.2. Bikarmótaröð BFSÍ Utandyra

2.2.2.1. Skal samanstanda af að minnsta kosti tveim Bikarmótum BFSÍ á tímabilinu.

2.2.2.2. Bikarmót BFSÍ utandyra skulu haldin á tímabilinu 1.apríl til 1.september.

2.2.2.3. Bikarmeistari BFSÍ utandyra skal titlaður hvert ár byggt á samanlögðu skori úr tveim hæstu niðurstöðum keppanda í undankeppni Bikarmóta BFSÍ á tímabilinu.

2.2.3. Framkvæmdastjóra BFSÍ heimilt að halda úrslitamót meðal fjögurra efstu keppenda í Bikarmótaröð BFSÍ (innandyra og/eða utandyra) og skal þá titla viðkomandi Bikarmeistara BFSÍ byggt á niðurstöðum úrslitamótsins.

2.2.3.1. Taka skal fram í skráningu Bikarmótaraðar BFSÍ hvort úrslitamót verður haldið á tímabilinu til að ákvarða Bikarmeistara BFSÍ það tímabil.

2.2.3.2. Ef til kemur vegna sérstakra aðstæðna að ómögulegt verður að halda úrslitamót á tímabilinu sem hefur verið auglýst í skráningu skal því aflýst og titla Bikarmeistara

BFSÍ byggt á niðurstöðum á fyrrnefndan hátt byggt á niðurstöðum keppenda í undankeppni Bikarmóta BFSÍ eins og við á hverju sinni.

- 2.2.4. Ef til kemur að tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í skori í efsta sæti við lok Bikarmótaraðar BFSÍ, og úrslitamót er ekki haldið á því tímabili, skal titla Bikarmeistara BFSÍ byggt á útslætti milli þeirra keppenda sem jafnir voru til þess að brjóta jafnteflið. Boða skal þá keppendur í keppni til þess að brjóta jafnteflið eins fljótt og auðið er. (Til skýringa: Alþjóðlega mótaskipulagið er mjög þétt yfir sumar mánuði og því ekki alltaf mögulegt að halda fleiri en 2 Bikarmót utandyra án þess að þau stangist á við landsliðsverkefni sem sumir af bestu Íslensku keppendum taka þátt í. Ástæða þess að úrslitamót er ekki alltaf haldið er þar sem úrslitamót Bikarmótaraða BFSÍ eru en í þróun.)
- 2.2.5. Sigurvegurum Bikarmótaraðar BFSÍ innandyra í hverjum bogaflokki skulu greiddar 50.000.kr í verðlaunafé.
 - 2.2.5.1. Sigurvegurum er heimilt að verja verðlaunafénu til niðurgreiðslu kostnaðar þátttöku sinnar hjá BFSÍ í stað þess að fá það greitt út.
- 2.3. Íþróttastjóri BFSÍ ákvarðar staðsetningu og dagsetningu móta BFSÍ.
- 2.4. Framkvæmdastjóri BFSÍ ákvarðar þáttökugjald á mótum BFSÍ.
- 2.5. Framkvæmdastjóri BFSÍ er leyfilegt að bæta við óformlegri keppni á mótum BFSÍ, s.s. vegna þróunar nýrra keppnisgreina, aldursflokka og svo framvegis, sem ekki eru skilgreind í reglum WA eða BFSÍ.
 - 2.5.1. Þær óformlegu viðbætur skulu ekki gilda til formlegra titla eða meta, en veita má verðlaun tengt úrslitum þeirra á viðkomandi móti.

3. Önnur innlend mót

- 3.1. Heimilt er að halda önnur bogfímimót innan vébanda BFSÍ svo lengi sem þau fari eftir lögum og reglum BFSÍ og WA.
- 3.2. Sækja skal um leyfi til þess að halda önnur mót innan vébanda BFSÍ til framkvæmdstjóra BFSÍ í gegnum mótakerfi BFSÍ eða í tölvupósti.
- 3.3. Aðeins íþróttahéruðum er heimilt að halda héraðsmót í bogfimi.
- 3.4. Aðildarfélögum BFSÍ er heimilt er að halda svæðisskipt mót. T.d. landshluta mót (s.s. Austurlandsmeistaramót), bæjarfélagsmót (s.s. Akureyrarmeistaramót) eða innanfélagsmót (s.s. félagsmeistaramót).
- 3.5. Þegar svæðisskiptmót er haldið skal öllum aðildarfélögum BFSÍ á viðkomandi svæði boðin þátttaka á slíkum mótum.
- 3.6. Öll mót skulu haldin í lanseo skor skráninga kerfinu og niðurstöður þeirra birtar á ianseo.net.
 - 3.6.1. Niðurstöðu skjali móta úr lanseo skor skráninga kerfinu (.ianseo skjali) skal skila til BFSÍ í síðasta lagi 2 dögum eftir að móti lýkur, ásamt kóða sem notaður var til birtingar niðurstaðna á ianseo.net.
- 3.7. Framkvæmdastjóri BFSÍ er heimilt að ógilda niðurstöður móta sem fara ekki eftir eða brjóta í bága við reglur BFSÍ/WA.

4. Mótakerfi BFSÍ

- 4.1. Öll mót innan vébanda BFSÍ skulu skráð í mótakerfi BFSÍ.
- 4.2. Innlendir mótshaldarar skulu greiða 10% af þáttökugjöldum af öðrum mótum sem skráð eru í Mótakerfi BFSÍ, sem skal m.a. vera varið í rekstur, uppfærslur og endurbætur á kerfinu.

5. Auglýsingar móta

- 5.1. Íslandsmót skal auglýsa með eigi minna en tveggja mánaða fyrirvara.
- 5.2. Önnur mót skal auglýsa með minnst 10 daga fyrirvara.
- 5.3. Í tilkynningum og auglýsingum um mót skal tekið fram
 - 5.3.1. hvar og hvenær mótið fer fram.
 - 5.3.2. skráningarfrestur.
 - 5.3.3. í hvaða keppnigreinum verði keppt.
 - 5.3.4. í hvaða aldursflokkum verði keppt.
 - 5.3.5. á hvaða fjarlægðum verði keppt.
 - 5.3.6. á hvaða skotskífustærðum verði keppt.
 - 5.3.7. hvort greiða þarf þátttökugjald, hve hátt gjaldið er og hvernig skal greiða gjaldið.
 - 5.3.8. Hvort að mótið sé hæft til meta.
- 5.4. Framkvæmdastjóra BFSÍ er heimilt að gefa undanþágu frá ákvæðum um fresti og auglýsingar vegna sérstakra aðstæðna.

6. Aldursflokkar

- 6.1. Íþróttamönnum má skipta í aldursflokka.
- 6.2. Aldur skal miðast við almanaksár.
- 6.3. Aldursflokkar sem veittir eru Íslandsmeistaratitlar fyrir eru:
 - 6.3.1. 50+ - 50 ára á árinu og eldri (eldra alþjóðlega heiti var Master).
 - 6.3.2. Opinn flokkur - Allur aldur (eldra alþjóðlega heiti var Senior).
 - 6.3.3. U21 - 20 ára á árinu og yngri (eldra alþjóðlega heiti var Junior).
 - 6.3.4. U18 - 17 ára á árinu og yngri (eldra alþjóðlega heiti var Cadet).
 - 6.3.5. U16 - 15 ára á árinu og yngri (eldra Norðurlanda heiti var Nordic).
- 6.4. Íþróttamenn mega keppa í hvaða aldursflokki sem passar þeirra aldri á viðkomandi móti.
- 6.5. Ekki má keppa í mörgum aldursflokkum á sama móti.
- 6.6. Mótshöldurum er leyfilegt að hafa aðra aldursflokka á mótum.
- 6.7. Leyfilegt er að halda mót fyrir valda aldursflokka, t.d. U21 mót, öldunga mót o.s.frv.

7. Keppnisgreinar (Bogaflokkar)

- 7.1. Á mótum BFSÍ er keppt í sveigboga, trissuboga og berboga.
- 7.2. Leyfilegt er að halda keppni í öðrum keppnisgreinum á öðrum mótum.

8. Skotskífustærðir og fjarlægðir

- 8.1. Skotskífustærðir og fjarlægðir íþróttagreina, keppnisgreina, aldursflokka og í félagsliðakeppni skal fara eftir reglum WA með eftirfarandi undantekningum/viðbótum.
 - 8.1.1. U16 flokkur innandyra keppir á 60cm skotskífu á 12 metrum.
 - 8.1.2. U16 flokkur utandyra keppir á skotskífustærðum og fjarlægðum sem skilgreindar eru í reglum WAN um NM ungmenna (NUM).
 - 8.1.3. U18 flokkur innandyra keppir á 60cm skotskífu í stað 40cm skífu (til þess að stuðla að jafnari hækkun erfiðleikastigs á milli aldursflokka)
 - 8.1.4. U18 flokkur keppir á 10 metrum styttri fjarlægðum utandyra en í WA reglum (til þess að stuðla að jafnari hækkun erfiðleikastigs á milli aldursflokka)
 - 8.1.4.1. U18 flokkur berboga utandyra keppir á 40 metrum (í stað 50 metra WAN reglur).
 - 8.1.4.2. U18 flokkur sveigboga utandyra keppir á 50 metrum (í stað 60 metra)
 - 8.1.4.3. U18 flokkur trissuboga utandyra keppir á 40 metrum (í stað 50 metra)

- 8.2. Skotskífustærðir og fjarlægðir í félagsliðakeppni skulu vera þær sömu og í keppni milli landsliða í reglum WA. Nema í tilfellum undantekninga/viðbóta á reglum WA sem taldar eru upp í reglugerðinni.
- 8.3. Leyfilegt er að halda keppni á öðrum fjarlægðum og skotskífustærðum á öðrum mótum, en sú keppni skal ekki hæf til meta.

9. Kyn

- 9.1. Heimilt er að hafa einstaklings keppni kynjaskipta og/eða óháða kyni á mótum;
 - 9.1.1. Í kvenna mega þeir keppa sem skráðir eru konur í þjóðskrá.
 - 9.1.2. Í karla mega þeir keppa sem skráðir eru karlar í þjóðskrá.
 - 9.1.3. Í unisex (keppni óháð kyni) mega allir keppa óháð kyni sem skráð er í þjóðskrá.
 - 9.1.4. Þeir sem skrá sig í keppni á ákveðnu kyni skulu einnig skráðir til keppni í unisex á því móti.
 - 9.1.5. Þeir sem skrá sig aðeins til keppni í unisex keppa aðeins í unisex á því móti, óháð kyni þeirra sem skráð er í þjóðskrá.
- 9.2. Kynjaskipting í félagsliðakeppni fer eftir reglum um félagsliðakeppni.
- 9.3. Á Íslandsmótum skal keppt í kvenna, karla og unisex einstaklingskeppni.
- 9.4. Á Bikarmótum BFSÍ skal keppt í unisex einstaklingskeppni.
- 9.5. Í Ungmennadeild BFSÍ skal keppt í unisex einstaklingskeppni.

10. Félagliðakeppni

- 10.1. Félagliðakeppni á Íslenskum mótum skal fara fram í samræmi við reglur WA um keppni landsliða með eftirfarandi undantekningum/viðbótum.
 - 10.1.1. Í liðakeppni 50+ og U- flokkum samanstendur lið af tveim keppendum í stað þriggja.
 - 10.1.2. Blandaðri liðkeppni innandyrá er bætt við í öllum aldursflokkum.
 - 10.1.3. U16 liðakeppni og U16 blandaðri liðakeppni er bætt við innandyrá og utandyrá.
 - 10.1.4. Aðeins eitt lið þarf að vera skráð til keppni til þess að keppni sé hæf til meta og titla.

11. Hlutgengi keppenda á Íslensk mót

- 11.1. Aðeins félagsbundnum íþróttamönnum og þá einungis frá félögum, sérráðum og héraðssamböndum sem standa í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við grein 8.1 laga ÍSÍ er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda BFSÍ.
- 11.2. Séu íþróttamaður eða aðildarfélag hans ekki skuldlaus við BFSÍ fyrir upphaf móts má meina þeim þátttöku á mótinu.
- 11.3. Keppnisrétt öðlast íþróttamenn þegar þeir hafa verið skráðir á keppendaskrá hluteigandi íþróttafélags í mótakerfi BFSÍ.
- 11.4. Félagismaður sem keppir í fyrsta sinn tilgreinir keppnisfélag sitt við skráningu á mótið. Sá keppandi er þá skráður keppandi í mótakerfi BFSÍ fyrir það félag þar til að félagismaðurinn eða aðildarfélag hans tilkynnir félagaskipti til BFSÍ og þau ganga í gegn.
- 11.5. Þátttökurétt á Íslandsmóti öðlast útlendingur ekki fyrr en eftir a.m.k. 1 árs búsetu hérlandis. Viðkomandi skal vera í aðildarfélagi innan BFSÍ og hafa ekkert land eða Ísland skráð sem keppnisland hjá WA.

12. Félagaskipti

- 12.1. Mögulegt skal vera að tilkynna félagaskipti hvenær sem er á árinu.
- 12.2. Félagaskipti keppanda skal tilkynna í gegnum mótakerfi BFSÍ eða viðeigandi form á vefsíðu sambandsins.
 - 12.2.1. Félagsmenn skulu vera skuldlausir við félag sem hætt er að keppa fyrir.
 - 12.2.2. Félag sem hætt er að keppa fyrir og félag sem byrjað er að keppa fyrir þurfa að staðfesta félagaskipti keppnisfélags til þess að þau gangi í geng.

- 12.2.2.1. Framkvæmdastjóri BFSÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði vegna sérstakra aðstæðna. (Sem dæmi ef félag sem hætt er að keppa fyrir svarar ekki tilkynningu frá BFSÍ um félagaskipti getur Framkvæmdastjóri BFSÍ tekið því sem staðfestingu félags á því að félagsmaðurinn sé skuldlaus við félagið og leyft skiptum að ganga í gegn.)
- 12.2.3. BFSÍ tekur gjald fyrir félagaskipti.
 - 12.2.3.1. Framkvæmdastjóri ákvarðar gjald fyrir félagaskipti árlega og skal birta upphæð gjaldsins á vefsíðu BFSÍ.
- 12.3. Skólanemendur mega keppa fyrir skólafélag sitt án þess að missa keppnisrétt í sínu félagi.

13. Framhaldskeppni

- 13.1. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni mega aðeins þeir keppa sem höfðu þátttökurétt þegar keppnin átti að fara fram.
- 13.2. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

14. Framkoma og ábyrgð

- 14.1. Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum.
- 14.2. Keppandi skal sýna dómurum, liðsstjórum, áhorfendum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá.
- 14.3. Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem nafn, aldur, kyn og félag.
- 14.4. Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu.
- 14.5. Keppandi skal tilkynna forföll í tæka tíð og má enginn ganga úr keppni án þess að tilkynna það dómara eða mótshöldurum, þótt hann hafi lögleg forföll.
- 14.6. Keppandi æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og bera mótshaldarar því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.